

Hörgársveit

Reglur um niðurgreiðslu þáttökugjalda barna í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi

Markmið

Að stuðla að þátttöku barna í Hörgársveit í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna í forvarnarskyni.

Framkvæmd

Sent er bréf til foreldra eða forráðamanna barna á aldrinum 5 til 16 ára og er hvert bréf vera merkt kennitölu viðkomandi barns. Viðkomandi handhafi bréfsins framvísar því hjá einhverju af þeirra aðila sem taldir eru upp hér að neðan og gildir þá bréfið sem afsláttur af félags- og/eða æfingagjaldi í samræmi við innihald þess. Afslátturinn gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar.

Þeir aðilar sem taka við slíku bréfi ber að veita greiðanda greiðslukvittun þar sem fullt þátttöku- eða æfingagjald kemur fram, afsláttur vegna niðurgreiðslu Hörgársveitar og endanleg greiðsla til þátttakandans. Viðkomandi aðilar senda bréf viðkomandi einstaklings ásamt afriti af greiðslukvittun til Hörgársveitar á fyrirfram ákveðnum dagsetningum mánaðarlega og greiðir þá Hörgársveit aðilanum að fullu veittan afslátt.

Þeir aðilar sem rétt hafa til að taka við ofangreindu bréfi eru:

- Félög innan Ungmennasambands Eyjafjarðar (UMSE)
- Félag innan Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA)
- Íþróttamiðstöðin á Þelamörk
- Dansskólar
- Tómstunda- og æskulýðsfélög eða fyrirtæki með skilgreinda starfsemi á sviði íþrótt-, tómstunda- eða æskulýðsstarfs og rekstur undir eigin kennitölu. Félögin eða fyrirtækin þurfa að reka starfsemi sína á ársgrundvelli.

Ef upp koma vafaatriði mun sveitarstjórn skera úr um slíkt.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. nóvember 2018